

| | | |
|----------------------------|---|---|
| Nr.: GÁT-040 | Verkmenntaskóli Austurlands |  |
| Útgáfa: 1 | | |
| Dags.: 30.01.2018 | Fundargerð (Fundur skólanefndar) | |
| Höfundur: ÞÓJ | | |
| Samþykkt: Skólameistari | | |
| Síða 1 af 3 | | |

| | | | |
|------------------|-------------|---------------------------------|----------------------|
| Dags.: 7.12.2021 | Tími: 16:00 | Staðsetning: Í stofu 5 og Teams | Fund boðaði: Hafliði |
|------------------|-------------|---------------------------------|----------------------|

Þátttakendur

| | |
|--------------|--|
| Mættir: | Hafliði Hinriksson, Birgir Jónsson, Sævar Örn Arngrímsson (Teams), Pjetur St. Arason, Pálína Margeirsdóttir (Teams), Anna Margrét Sigurðardóttir, Hlöðver Hlöðversson, Sigurður Ólafsson (Teams), Oddur Óli Helgason, Jón Björn Hákonarson, formaður, Sigurborg Hákonardóttir, Unnur Ása Atladóttir. |
| Fjarverandi: | |

Dagskrá:

1. Tölulegar upplýsingar haustannar
2. Fjárhagur
3. Græn skref
4. Erasmus+ verkefni VA
5. Fab Lab og framtíðin
6. NIVA
7. Austurendi
8. Önnur mál

| | |
|-----|--|
| nr. | Fundargerð dagskrárliðs |
| 1. | Unnur fer yfir tölulegar upplýsingar haustannar. Áfram er mikil fjölgun í sjúkraliðanámi og fjarnámi en nemendafjöldi í bóknámi er svipaður. Hún greinir jafnframt frá því að mikið sé um fyrirspurnir, ýmist um fjarnám eða dreifnám í rafiðn. Það sé afar gleðilegt. |
| 2. | Hafliði fer yfir fjárhagsstöðu skólans. Staðan er betri en hún hefur verið. Ársnemendum hefur fjölgað og því hækkuðu framlögin til skólans. Leiðréttingar fengust á milli árána 2019 og 2020 í takt við aukinn nemendafjölda og útlit er fyrir að framlagið fyrir 2022 dugi fyrir rekstrinum. Hægt er að flytja fjárfestingarframlag |

| | | |
|----------------------------|---|---|
| Nr.: GÁT-040 | Verkmenntaskóli Austurlands |  |
| Útgáfa: 1 | | |
| Dags.: 30.01.2018 | Fundargerð (Fundur skólanefndar) | |
| Höfundur: ÞÓJ | | |
| Samþykkt: Skólameistari | | |
| Síða 2 af 3 | | |

| | |
|----|--|
| | <p>ársins 2021 yfir til næsta árs og verður það m.a. nýtt í ýmislegt sem tengist breytingum á húsnæðinu.</p> <p>Hafliði bendir einnig á að það þurfi að horfa á að það vantar meira pláss undir iðnnámið. Jón Björn tekur undir það og nú þurfi að fara að ýta á ríkisvaldið að tryggja það.</p> |
| 3. | <p>Birgir kynnir innleiðingu á verkefninu Græn skref í ríkisrekstri en skólinn fékk nýlega vottun eftir að hafa lokið tveimur skrefum. Vinnan við innleiðinguna heldur áfram á komandi ári og stefnt er að því að ná að stíga skrefin fimm fyrir lok skólaárs.</p> <p>Birgir fór jafnframt yfir verkefnið verklegt val sem var í samstarfi við grunnskólana. Nemendur úr 9. og 10. bekk í grunnskólum Fjarðabyggðar völdu þær greinar sem þeir vildu helst. Þær greinar sem hægt var að velja úr voru málm- og véltæknigreinar, húsnæðis, húð og hár, rafmagn, bifreiðar og Fab Lab. Nemendur fengu allir þær greinar sem þeir vildu helst og voru í tveimur greinum í alls 8 skipti. 10. bekkurinn hóf leik í september og 9. bekkur tók við í lok október og verður fram í miðjan desember. Verkefnið var metið hjá 10. bekkjum og kom fram mikil ánægja bæði hjá nemendum og forsjáraðilum með það.</p> |
| 4. | <p>Erasmusverkefnið hafa verið að koma til aftur innan skólans. Bæði hefur starfsfólk tekið þátt í samstarfsverkefnum og stefnt er að því að nemendur fari í skiptinám á vorönn. Einnig fer hópur starfsfólks á námskeið í Fab Lab smiðju í Svíþjóð. Einnig er mikill áhugi hjá erlendum skólum að heimsækja VA. Búið er að fastmóta tvær slíkar heimsóknir í vor og eru þrjár aðrar á byrjunarstigi.</p> |
| 5. | <p>Hafliði fer yfir stöðuna á Fab Lab smiðjunni en samkomulag var gert á vordögum varðandi enduöppun smiðjunnar fyrir almenning. Móses Helgi Halldórsson var ráðinn sem verkefnastjóri smiðjunnar. Námskeiðahald og opin hús eru komin af stað og er það vel sótt. Það eina sem hamlar smiðjunni er plássleysi. Anna Margrét spyr hvernig starfsemin sé auglýst. Auglýsingar eru á heimasíðum en að mestu er auglýst á Facebook síðu smiðjunnar. Að auki var opnunin og námskeið auglýst í Dagskránni. Það eru svo sannarlega tækifæri til þess að nýta smiðjuna enn betur í markaðssetningu.</p> |
| 6. | <p>Oddur Óli fer yfir það sem nemendafélagið hefur verið að gera í félagslífinu. Það hefur verið fótbolti í íþróttahúsinu á þriðjudögum en auk þess hafa verið margir litlir viðburðir eins og bíókvöld, spilakvöld og jólavika.</p> <p>Hafliði hrósar nemendum fyrir góða vinnu í að halda uppi félagslífi á þessum tímum. Spurt er út í hvort leikfélagið hafi ekkert komist af stað. Hafliði svarar því til að það hafi verið erfitt á Covidtímum en það þurfi að skoða þetta.</p> |
| 7. | <p>Fundarmenn skoða aðstöðuna í Austurenda eins og hún stendur núna.</p> |
| 8. | <p>Hlökkver spyr hvort það þurfi ekki að fara að skoða aukið hlutfall í stjórnun í ljósi bættrar fjárhagsstöðu svo að fólk sem er í þessum störfum brenni ekki yfir. Hafliði fer</p> |

| | | |
|----------------------------|---|---|
| Nr.: GÁT-040 | Verkmenntaskóli Austurlands |  |
| Útgáfa: 1 | | |
| Dags.: 30.01.2018 | Fundargerð (Fundur skólanefndar) | |
| Höfundur: ÞÓJ | | |
| Samþykkt: Skólameistari | | |
| Síða 3 af 3 | | |

yfir það hlutfall sem er í stjórnun innan skólans og bendir á að fyrirkomulagið sé alltaf til endurskoðunar.

Ef við á: Niðurstaða, ákvarðanir teknar, málum vísað áfram, hver ber ábyrgð, tímasetningar, hver fær sendar upplýsingar, tímasetningar og annað sem að tengist dagskrá fundarins.

Fundargerð ritaði: Birgir Jónsson

dags. 7.12.2021

Hvar er fundargerð geymd (og birt ef við á):
Í rafrænni málaskrá skólans